

Velferðarnefnd Alþingis

Efni: Umsögn félagsmálaráðs Akureyrarbæjar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum (aukin vinnuvernd og notendastýrð persónuleg aðstoð), þingskjal 698 – 454. mál.

Umsögn þessi fjallar um 3. og 4. greinar frumvarpsins.

3. grein. Þær breytingar sem gerðar eru í 3. grein þessa frumvarps er til bóta að mati Félagsmálaráðs Akureyrarbæjar og verða þær vonandi til þess að gera þá umgjörð sem er í kring um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) aðgengilegri fyrir þá sem slíka þjónustu hafa.

4. grein. Þessi grein frumvarpsins fjallar um lengingu samstarfsverkefnis um notendastýrða persónulega aðstoð um tvö ár eða til ársloka 2016. Til þess að lengingin á verkefninu skili tilætluðum árangri þ.e. að þróa þjónustuformið og sníða af því vankanta, sem t.d. aðrar Norðurlandþjóðir hafa glímt við, er nauðsynlegt að að halda umræðunni lifandi og að umræðan milli fagfólks og fatlaðs fólks sé virk. Búa þarf til vettvang fyrir þá sem að þessu verkefni koma til að ræða útfærslu á ýmsu því sem að þessu þjónustuformi snýr. Í fylgiskjali II frá fjármála- og efnahagsráðuneyti kemur fram að ekki er áætlað fjármagn í 20% hlut ríkisins til endurgreiðslu til sveitarfélaganna/þjónustusvæðanna. Þessa fjármögnun þarf að tryggja því annars nær framlenging verkefnisins ekki þeim árangri sem henni er ætlað.

Félagsmálaráð Akureyrar
Samþykkt 18. febrúar 2015.